

Orðanefnd byggingarverkfræðinga.

Eymundur Runólfsson

Verkefnið, sem hér er fjallað um, var sett á laggirnar fyrir meira en 20 árum. Það var árið 1980 sem stjórn Byggingarverkfræðideildar VFÍ stofnaði Orðanefnd byggingarverkfræðinga. Nefndin kom fyrst saman í desember sama ár og hefur starfað óslitið síðan.

Markmiðið með stofnun nefndarinnar er að íslenskur orðaforði verði nægur til þess að ræða megi og rita um byggingarverkfræði á fullgildri íslensku og af þeirri fræðilegu nákvæmni, sem við hæfi er.

Viðfangsefni Orðanefndar er að koma upp íðorðasafni fyrir hverja grein byggingarverkfræðinnar samkvæmt verkreglum íðorðafræðinnar.

Íðorð er heiti á faglegu hugtaki. Merkingu þess er lýst í skilgreiningu hugtaksins. Íðorðafræði fjallar um hugtök, vensl þeirra innbyrðis og skilgreiningu þeirra á einhlítan hátt. Vanti íðorð, er mikilvægt að skilgreina hugtakið áður en íðorðið er búið til. Áhersla er lögð á það að íðorðið sé auðskilið.

Undanfarin ár hafa 12 verkfræðingar starfað í nefndinni. Formaður hennar er Einar B. Pálsson, prófessor emerítus. Frá upphafi hefur hann jafnframt verið ritstjóri íðorðasafna, sem nefndin vinnur að, og undirbýr efni, sem hún fjallar um á fundum. Undanfarin tíu ár hefur Ólafur Jensson unnið samfelld með Einari að íðorðasafninu. Aðrir nefndarmenn hafa fyrst og fremst starfað á vikulegum fundum nefndarinnar. Íslensk málnefnd hefur lagt nefndinni til málfræðing til ráðuneytis, dr. Halldór Halldórsson, prófessor. Hann starfaði samfelld með nefndinni í 18 ár, eða þangað til hann lést árið 2000.

Ýmsir aðrir sérfræðingar hafa komið á fundi nefndarinnar eða lagt henni lið.

Orðasöfn, sem einkum hefur verið unnið að eru *íðorðasafn um fráveitur, úrgangsumsýslu, mengun og umhverfismál*. Stefnt er að útgáfu þess hið fyrsta. *Orðasafn um jarðfræði* hefur þegar verið gefið út, en þar var einnig komið inn á svið jarðeðlisfræði.

Einnig hefur verið unnið að orðasafni um tækniáflfræði.

Störf þeirra Einars og Ólafs hafa yfirleitt verið ólaunuð.

Eftirtaldir aðilar hafa einkum styrkt starfið:

Byggingarverkfræðideildin með fjárframlögum.

Háskóli Íslands með vinnuáðstöðu og aðgangi að bókasafni.

Íslensk málnefnd hefur lagt nefndinni til málfræðing.

Landsvirkjun með fundaaðstöðu.

Vegagerðin með fyrirgreiðslu vegna fundahalda, smávegis fjárframlögum og bóka kaupum.